

Sp.

395. Fyrirspurnir.

[224. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun gengismunar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hve mikið hefur innheimst af gengismun skv. 3. gr. brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi, nr. 55 27. maí 1983?
2. Hvað er áætlað að mikið fé eigi eftir að koma í gengismunasjóð?
3. Hvaða aðilar hafa fengið greitt úr sjóðnum og hve mikið hefur farið til hvers?
4. Hvernig verður því fé skipt sem nú er óráðstafað?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kvörtunarnefnd skv. 1. um heilbrigðisþjónustu.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hefur verið skipuð nefnd til að sinna kvörtunum eða kærnum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt 5. tl. 3. gr. 1. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu? Ef svo er, hverjir skipa nefndina?
2. Hefur ráðherra sett nefndinni starfsreglur?
3. Hve mörg mál hafa nefndinni borist til þessa?
4. Hve mörg mál hefur nefndin afgreitt?

III. Til samgönguráðherra um samgöngumál í Ísafjarðarsýslu.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvað líður athugunum og undirbúningi varðandi hugsanlega jarðgangagerð til samgöngubóta í Ísafjarðarsýslu?
2. Hvað líður athugunum til undirbúnings brúargerð yfir Dýrafjörð?

IV. Til landbúnaðarráðherra um tilraunastöðina á Reykhólum.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Mun landbúnaðarráðherra beita sér fyrir því að sauðfjárræktartilraunum verði haldið áfram við tilraunastöðina á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu?
2. Hefur fjármagn verið tryggt í þessu skyni?